

VAL Á RÉTTRI LAUSN FYRIR RAFRÆNAR UNDIRSKRIFTIR

: Gátlisti

Þegar kemur að því að velja lausn fyrir rafrænar undirskriftir, eru mörg atriði sem hafa ber að í huga til að tryggja öryggi þinna gagna. Hér er gátlisti sem leiðir þig í gegnum mikilvægustu atriðin sem skipta máli þegar það kemur að því að velja rétta lausn.

01 LAGALEGA BINDANDI RAFRÆNAR UNDIRSKRIFTIR

Samkvæmt eIDAS reglugerðinni eru eingöngu fullgildar rafrænar undirskriftir jafnar handrituðum undirskriftum og hafa þar af leiðandi óyggjandi réttaráhrif. Gakktu úr skugga um að þjónustuveitandi rafrænna undirskrifta bjóði upp á að útbúa og sannreyna rafrænar undirskriftir með fullgildum skilríkjum sem samræmast eIDAS reglugerðinni án nokkura athugasemda. Aðilar sem samræmast kröfum eIDAS (lög nr. 55/2019) geta einnig fengið vottun til þess að sanna eIDAS samræmi, ekki aðeins eigin yfirlýsingar um að samræmast að einhverjum hluta kröfum eIDAS. Auk þess ættu aðilar sem lokið hafa vottun um eIDAS samræmi að vera skráðir á EU TSL traustlista ESB sem traustir aðilar. Vertu nákvæmur og treystu ekki einungis eigin yfirlýsingum aðila um að styðja eIDAS.

02 FULLGILDIR TÍMASTIMPLAR

Til að tryggja að gögnin þín séu örugg og að það sé á engan hátt hægt að eiga við þau skaltu athuga hvort aðili noti fullgilda tímastimpla í öllum undirskrifum. Þetta tryggir öryggi gegn fölsun undirskrifta aftur í tíma.

03 LANGTÍMAVARÐVEISLA RAFRÆNNA UNDIRSKRIFTA

Rafrænar undirskriftir hafa ákveðin líftíma. Til þess að tryggja gildi rafrænna undirskrifta með fullgildum skilríkjum til lengri tíma, skaltu athuga hvort lausnin bjóði upp á langtímavarðveislu – þá þarftu ekki að hafa áhyggjur af því eftir nokkur ár að finna viðbótarpjónustu til þess að framlengja líftíma undirskriftanna.

04 ÁREIÐANLEG ÞJÓNUSTA OG HÁR UPPITÍMI

Tiltækileiki þjónustunnar og uppitími skiptir máli til þess að tryggja að þjónustan sé áreiðanleg. Ef hægt er að sjá langa rekstrarsögu í gæðastýrðu eftirlitskerfi sýnir hversu mikla skuldbindingu þjónustuveitandinn hefur þegar lagt á sig til þess að tryggja að samfelldan rekstur viðskiptavina með áreiðanlegum þjónustum. Ferli fyrir rekstrartilvik þurfa einnig að vera til staðar og prófuð reglulega, ekki aðeins skjalfest. Þeim hætti uppitíma sem þjónustuveitandi getur lofað - og mikilvægara - getur sýnt fram á aftur í tíma, því minni áhyggjur þarftu að hafa um að þjónustan muni ekki virka þegar þú þarft á henni að halda. Ekki gleyma að kanna hvort aðilinn taki ábyrgð á slíkum tilfellum og hvaða afleiðingar verða ef þjónustan fer niður.

05 AÐGERÐIR SEM TRYGGJA UPPLÝSINGAÖRYGGI

Kannaðu hvort þjónustuveitandinn séu ISO 27001 vottaður eða hafi gert samsvarandi ráðstafanir til að tryggja að gögnin þín séu örugg. Leitaðu að aðila sem hefur innleitt stjórnkerfi fyrir upplýsingaöryggi sem er endurskoðað og vottað af viðurkenndum vottunaraðilum. Vertu sérstaklega varkár hér þar sem auðvelt er að ruglast: stundum nota söluaðilar ISO vottun frá gagnaveri eða hýsingaraðila, en þeir ráða engu um aðferðir við stjórnun upplýsingaöryggis hjá sjálfum söluaðilanum. Lausnin ætti að vera ISO 27001 vottuð með umfang sem þjónusta fyrir rafrænar undirskriftir.

06 GAGNSÆI

Gagnsæi jafngildir trausti. Skoðaðu hversu aðgengilegar upplýsingar eru um vottanir söluaðilans. Til að tryggja að þú sért á réttri leið, athugaðu hvort vottanir séu gerðar af óháðum þriðja aðila, viðbrögð við áhættuþáttum séu skilgreind og að atburðaskráning sé til staðar í kerfinu og að vinnslusamningar og önnur lagaleg skjöl séu aðgengileg í skilmálum þjónustunnar. Því meira gagnsæi, því vissari getur þú verið um að fyrirtækið sé ekki að fela neitt og svari ekki fyrirspurnum viðskiptavina um þjónustu og verð á mismunandi hátt hverju sinni heir operations you or other potential customers want or need to hear.

07 FULLGILD STAÐFESTINGARÞJÓNUSTA

ÍEf þú ert að fara að nota rafrænar undirskriftir, er mikilvægt að þú hafir einnig möguleika á að sannreyna gildi undirskriftanna í kerfinu sem þú velur. Veldu lausn sem er með innbyggða staðfestingarþjónustu fyrir rafrænar undirskriftir eða getur boðið sambærilega hliðarþjónustu fyrir það. Þú vilt líka vera viss um að söluaðilinn veiti ábyrgð á þeim staðfestingum sem hann framkvæmir svo það er mikilvægt að þú kannir skilmála staðfestingarþjónustunnar og hversu háar ábyrgðir það er tilbúið að veita fyrir niðurstöðurnar. Þar sem sannreying á rafrænum undirskriftum og innsiglium er eftirlitsskyld þjónusta er öruggast að velja eIDAS vottaðan aðila sem býður Fullgilda staðfestingarþjónustu sem tryggir samræmi við eIDAS reglugerðina.

08 MÖRG SKJALASNIÐA OG RAFRÆN SKILRÍKI STUDD

Áður en þú velur þjónustuaðila fyrir rafrænar undirskriftir skaltu athuga hvaða skjalasnið eru studd í kerfinu. Þrátt fyrir að PDF sé alþjóðlega viðurkennt skjalasnið þá er gott að velja kerfi sem býður upp á fjölbreytni þegar kemur að þessum þætti. Eins er misjafnt hversu margar ólíkar tegundir rafrænna skilríkja eru studd í undirskriftarlausnum og þá gæti það komið sér vel, fyrir undirskriftir á milli landa, að velja þjónustu sem hefur fjölbreyttan stuðning við rafræn skilríki víðsvegar um heiminn.

09 NOTENDAVÆTT VIÐMÓT

ÍEf þú hefur ákveðið að skipta yfir í rafræna ferla þá viltu vera viss um að þú veljir lausn fyrir rafrænar undirskriftir sem er notendavæn, sveigjanleg og getur tengst fjölmörgum kerfum á einfaldan hátt þannig að innleiðing lausnarinnar verði auðveld. Þetta er sérstaklega mikilvægt ef þú ert að velja lausn til að safna undirskriftum frá ytri viðskiptavinum – upplifun þinna viðskiptavina af þjónustunni skiptir meira máli en að þú lækkir þínar kröfur.

10 MÆTI ÞÍNUM ÞÖRFUM

Ef þjónustan mætir ekki þínum þörfum þá skiptir litlu máli hversu örugg og þægileg hún er. Vertu viss um að þú veljir aðila sem getur boðið þér þá þjónustu sem þú sækist eftir hvort sem hún er í skýinu eða innleidd sem hluti af þínu eigin kerfi og hefur að auki alla þá eiginleika og virkni sem þitt fyrirtæki sækist eftir hvort sem það er sérmerkt útlit, verkferlar eða eyðublöð.

11 ORÐSPOR FYRIRTÆKISINS

Þrátt fyrir að allt hér að ofan sé sterk vísbinding um að þú sért búin/n að finna réttann þjónustuveitanda þá er orðspor fyrirtækisins einnig mikilvægt atriði sem staðfestir traust og gæði þjónustunnar. Þekktir viðskiptavinir og umsagnir þeirra um þjónustuveitandann ætti að styðja þig í ákvörðun þinni.

BERÐU SAMAN LAUSNIR FYRIR RAFRÆNAR UNDIRSKRIFTIR

Notaðu töfluna hér að neðan til þess að hjálpa þér að velja þjónustuveitanda. Þú getur sjálfur fyllt út auðu reitina til að bera saman ólíkar lausnir fyrir rafrænar undirskriftir.

	Dokobit By Signicat		
Lagalega bindandi rafrænar undirskriftir	Dokobit notar: <ul style="list-style-type: none">• Fullgildar rafrænar undirskriftir sem eru lagalega jafngildar handskrifuðum undirskriftum• Útfærðar rafrænar undirskriftir eru talin sterk sönnunargögn fyrir dómstólum• Einfaldar rafrænar undirskriftir notast ekki við rafræn skilríki, en notast þó við staðfestingu frá undirritanda		
Fullgildir tímastimplar	<ul style="list-style-type: none">• Dokobit notar Fullgilda tímastimpla í hverri rafrænu undirskrift		
Langtímavarðveisla rafrænna undirskrifta	<ul style="list-style-type: none">• Dokobit hefur allt sem þarf til þess að tryggja langtímavarðveislu rafrænna undirskrifta ef nauðsynlegt er að framlengja líftíma þeirra		
Hár uppitími þjónustu	<ul style="list-style-type: none">• Ekki undir 99,95 % uppitími þjónustu• Rekstrarsaga um uppitíma þjónustunnar má finna hér• Sjálfstæð eftirlitsþjónusta Pingdom, fylgist með uppitíma á lausnum Dokobit• Ef einhverjar truflanir verða á þjónustu Dokobit veitum við afslátt af mánaðarlegum reikningi (viðbótarskilmálar eiga við)		

<p>Ráðstafanir sem tryggja upplýsingaöryggi</p>	<ul style="list-style-type: none"> • Dokobit hefur innleitt upplýsingaöryggiskerfi (Information Security Management System) með ráðstöfunum við áhættuþáttum • ISO/IEC27001 vottun með umfang vottunar sem "skýjaþjónustu fyrir rafræna undirskrift, rafræna innsigli, rafræna auðkenningu, staðfestingu rafrænnar undirskriftar og rafrænna innsigla, og tengd hugbúnaðarþróun". Vottorðið er aðgengilegt hér • ISO27018 vottun sem leggur áherslu á vernd persónuupplýsinga í skýjaumhverfi. Skírteinið má nálgast hér • Sem Fullgildur Traustþjónustuveitandi er staðfest að Dokobit uppfyllir allar kröfur ETSI EN 319 401 • Endurvottuð árlega af tveimur viðurkenndum vottunarfyrirtækjum: Bureau Veritas (vegna ISO vottunar) og CSQA (vegna eIDAS vottunar) 		
<p>Gagnsæi</p>	<ul style="list-style-type: none"> • ISO/IEC27001 vottorð má finna hér • ISO27018 skírteinið má nálgast hér • Listi ráðstafanna við áhættuþáttum er hægt að óska eftir (Certification statement of applicability) • Uppitími þjónustu má finna hér • Tryggingarskírteini má finna hér • Öll lagaleg skjöl (Skilmálar þjónustu, Vinnslusamningur, Persónuverndarstefna, o.fl.): má finna hér 		
<p>Fullgild staðfestingarþjónusta</p>	<ul style="list-style-type: none"> • Fullgildur traustþjónustuveitandi sem gengur árlega undir úttekt af eftirlitsaðila sem tryggir fylgni við lög og viðeigandi ETSI staðla og er skráður á EU Trusted Service List: Sjá nánar hér • Dokobit er Fullgildur traustþjónustuveitandi. Hægt er að nálgast vottorð hér • Staðfestingarstefnu Dokobit má finna hér 		

<p>Breiður stuðningur við erlend rafræn skilríki og ólík skjalasnið</p>	<ul style="list-style-type: none"> • Dokobit styður fjölmörg rafræn skilríki frá mismunandi löndum í Evrópu. Lista yfir öll studd rafræn skilríki: má finna hér • Dokobit styður mismunandi skjalasnið en ekki einungis PDF skjöl. Með því er hægt að rafrænt undirrita eða innsigla skjöl á hvaða formi sem er, t.d. teikningar, xls skrár, myndbandsupptökur o.s.frv. 		
<p>Góð notendaupplifun</p>	<ul style="list-style-type: none"> • Með Dokobit Portal er hægt að undirrita skjöl rafrænt og fá undirskriftir frá öðrum. Kynningarmyndband má finna hér • Allar lausnir Dokobit eru hannaðar til að styðja notkun úr farsíma • Dokobit Portal er einnig með app fyrir iOS og Android notendur 		
<p>Aðlagað að þínum þörfum</p>	<p>Dokobit býður:</p> <ul style="list-style-type: none"> • vefgátt með öllu sem þarf til að fá skjöl rafrænt undirrituð eða innsiglið. Heildarlisti yfir alla eiginleika í Dokobit Portal má finna hér • Einfalt að innleiða í þín eigin kerfi með vefþjónustum fyrir rafrænar undirritir, rafræn innsigli og auðkenningar. Nánari upplýsingar má finna hér 		
<p>Traust og gott orðspor</p>	<ul style="list-style-type: none"> • Fjölmörgum ólík fyrirtæki og stofnanir víðsvegar um Evrópu treysta Dokobit til þess að leysa þarfir þeirra fyrir rafrænar undirskriftir, auðkenningar, innsigli o.fl. Lærðu meira um viðskiptavini Dokobit hér 		